

Skilmálar þátttöku:

Viðurkenning Vakans byggir á því að fyrirtækið hafi uppfyllt viðeigandi gæða- og umhverfisviðmið. Viðmið Vakans eru endurskoðuð reglulega. Gildandi viðmið á hverjum tíma eru birt á vefsíðu Vakans.

Með umsókn um þátttöku í gæða- og umhverfiskerfi Vakans samþykkir umsækjandi f.h. fyrirtækisins að starfa samkvæmt viðeigandi gæðaviðmiðum og staðfestir eftirfarandi:

1. Starfsemi fyrirtækisins er í samræmi við siðareglur Vakans.
2. Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa kynnt sér viðeigandi gæðaviðmið Vakans og eru tilbúnir að starfa í samræmi við þau.
3. Fyrirtækið er með öll tilskilin leyfi og starfsemi þessi er í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir.
4. Fyrirtækið fer að gildandi kjarasamningum og lögum um vinnurétt.

Umsækjandi samþykkir að leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar, eftir því sem við á, til að staðfesta að starfsemin sé í samræmi við viðeigandi gæða- og umhverfisviðmið Vakans, þar með talið:

1. Öryggisáætlanir.
2. Yfirlit yfir menntun, námskeið og þjálfun starfsmanna.
3. Viðeigandi opinber leyfi, t.d. leyfi frá Ferðamálastofu, sýslumönnum, heilbrigðiseftirliti/MAST og Samgöngustofu.
4. Gæðahandbók/starfsmannahandbók.
5. Afrit af skriflegum ráðningarsamningi / verktakasamningi.
6. Dæmi um skriflegar starfslýsingar.
7. Afrit af sölureikningi til viðskiptavina.
8. Staðfestingu á ábyrgðartryggingu (á ekki við um gististaði).
9. Önnur viðeigandi gögn.

Vegna þátttöku í umhverfiskerfi Vakans (á við silfur- og gullmerki):

10. Grænt bókhald (mælingar á orkunotkun og úrgangslosun).
11. Staðfestingar á framlögum fyrirtækisins til náttúruverndar- og samfélagsmála.
12. Aðgerðaráætlun í umhverfismálum (uppfærð reglulega).

Vakin er athygli á að ofangreindur listi er ekki tæmandi.

Annað:

1. Gildistími umsóknar er 12 mánuðir frá því að umsókn er móttækin.
2. Verði fulltrúi úttektafyrirtækis þess áskynja að fyrirtækið virði ekki lög, reglur eða kjarasamninga, ber honum að gera hlutaðeigandi eftirlitsaðila viðvart.
3. Til að viðhalda viðurkenningu Vakans þarf að standast árlegar úttektir. Standist fyrirtækið ekki viðeigandi gæða- og umhverfiskröfur er óheimilt að nota merki Vakans.